

Húsnaðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 12. júní 2026

Efni: Athugasemdir StormOrku ehf. um umsögn NÍ um uppfært áflugsmat Storm I og málsmeðferð umhverfismats

StormOrka ehf. vísar til umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 5. júní 2026, um uppfært áflugsmat fyrir fyrirhugað vindorkuver að Hróðnýjarstöðum (Storm I), og til þeirrar málsmeðferðar sem nú stendur yfir vegna umhverfismats framkvæmdarinnar.

Með bréfi þessu kemur StormOrka á framfæri athugasemdum sínum og lagalegum sjónarmiðum og leggur fram tiltekna áskoranir til HMS sem varða áframhaldandi afgreiðslu stofnunarinnar á umhverfismati Storm I.

1. Málsatvik í stuttu máli

HMS (þá Skipulagsstofnun) benti á að endurgera þyrfti árekstrarmat fugla fyrir Storm I, m.a. vegna færri vindmylla og breyttrar vindmyllugerðar, en fjöldi vindmylla breyttist úr 20 í 18 og lægsta spaðahæð úr 25 m í 12,5 m. Endurmatið var unnið af sérfræðingi með sérþekkingu á árekstrarmati fugla fyrir vindorkugarða, með Band-líkaninu, á grundvelli sömu grunnagna og fyrra mat – sem safnað var með aðstoð ratsjár – auk leiðréttinga á forsendum sem reyndust ekki í samræmi við viðurkennd viðmið. Niðurstöðurnar sýndu lækkun áætlaðrar árekstrarhættu um 39–42%.

Til samanburðar reiknaði StormOrka árekstrarhættu einnig með öðrum viðurkenndum aðferðum sem notaðar hafa verið í íslenskum vindorkuverkefnum, og skila þær 71–99% lækkun frá upphaflegu mati.

Þar sem upphaflegt mat gerði ráð fyrir árekstrum 86 fugla á ári lækkaði matið í um 46 fugla í varfærnustu sviðsmynd og allt niður í 0,43 fugla í þeirri sem lægst reiknast.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðurnar, utan spurninga um þrjár af þeim forsendum sem byggt var á við endurútreikninga sem studdust við ratsjargögn.¹

Náttúrufræðistofnun hefur ekki gert efnislegar athugasemdir við niðurstöður endurútreikninganna að öðru leyti en með þeim spurningum sem fram komu í umsögninni.

Þrátt fyrir þetta kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar, dags. 5. júní 2026, að uppfært áflugsmat breyti ekki fyrri umsögn stofnunarinnar um umhverfismatsskýrsluna.

¹ Svör við þeim spurningum eru: a) Hættusvæði er skilgreint í samræmi við leiðbeiningar NatureScot, b) Í upphaflegu árekstrarmati var ekki gert ráð fyrir áhrifum á stofnstærðir spörfugla. Matið hlýtur að teljast til „haldþærra gagna“ eins og NÍ óskar eftir. c) Sérfræðingur útskýrir í minnisblaði sínu hvers vegna ætti ekki að taka til næturflugs í árekstrarmatinu.

2. Afstaða StormOrku til umsagnar NÍ um uppfært áflugsmat

a) Uppfært áflugsmat felur í sér nýjar og efnislega þýðingarmiklar upplýsingar.

Áflugsmat er veigamikill þáttur í mati á umhverfisáhrifum vindorkuvera. Veruleg lækkun matsins — á bilinu 39–99% — telst því til upplýsinga sem máli skipta og taka ber tillit til við úrlausn málsins, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga.

Að líta fram hjá lögmætum gögnum, sem aflað er með viðurkenndri aðferðafræði, án málefnalegs rökstuðnings, samrýmist ekki rannsóknarreglu né anda endurupptökuákvæðis stjórnsýslulaga, 1. mgr., 24. gr.

b) Niðurstöðurnar hafa ekki verið hraktar. Náttúrufræðistofnun hefur ekki fært fram rök fyrir því að niðurstöðurnar séu rangar, byggðar á röngum forsendum eða ófullnægjandi aðferðafræði enda framlögðum spurningum auðsvarað.

c) Lækkunin stafar af leiðréttingu forsendna og ólíkum aðferðum, ekki af mótvægisáðgerðum. Uppfært mat gerir ekki ráð fyrir árangri mótvægisáðgerða; lækkunin leiðir af endurútreikningi á grundvelli réttari forsendna og ólíkra aðferða við gagnasöfnun. NÍ útskýrir ekki hvernig óvissa um mótvægisáðgerðir – sem virðist megin ástæða þess að Náttúrufræðistofnun breytir ekki umsögn sinni – getur gert niðurstöðu endurútreiknings óviðkomandi þegar endurútreikningurinn byggir ekki á mótvægisáðgerðum.

d) Framlagðri spurningu StormOrku um hvaða niðurstöðu bæri að miða við ekki svarað. Þar sem ekki var tekin afstaða til þess hvaða niðurstöðu beri að leggja til grundvallar liggur ekki fyrir af hálfu Náttúrufræðistofnunar hvaða faglegu forsendur eigi að ráða vali á milli niðurstaðna sem allar byggja á viðurkenndri aðferðafræði.

3. Lagagrundvöllur álits HMS á umhverfismati

Málsmeðferð HMS við gerð álits um umhverfismat framkvæmdar lýtur lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sem og óskráðum meginreglum stjórnsýsluréttar og stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 111/2021 skal HMS gefa rökstutt álit um umhverfismat framkvæmdarinnar, byggt á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, framkomnum umsögnum umsagnaraðila og almennings og, eftir því sem við getur átt, öðrum fyrirliggjandi gögnum sem varða umhverfismat framkvæmdarinnar. Uppfært árekstrarmat fyrir Storm I telst til slíkra fyrirliggjandi gagna sem álitið ber að byggja á.

Rannsóknarreglan, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga og óskráð meginregla stjórnsýsluréttar, mælir fyrir um að mál skuli nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Reglan tekur ekki einungis til stjórnvaldsákvarðana í þrengstu merkingu heldur einnig til þeirrar málsmeðferðar og þess undirbúnings sem liggur slíkum ákvörðunum til grundvallar, þ.m.t. álita sem ætlað er að móta niðurstöðu máls. Leyfisveiting í kjölfar umhverfismats er stjórnvaldsákvörðun og álit HMS er meðal forsendna hennar; annmarkar á álitinu geta því haft áhrif á lögmæti síðari ákvarðana.

Þá ber stjórnvöldum að gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti, sbr. 11. gr. stjórnsýslulaga, og að byggja niðurstöður sínar á málefnalegum sjónarmiðum og vönduðum stjórnsýsluháttum.

4. Áhrif endurútreikninga árekstrarmats og umsagnar NÍ á álit HMS

a) Sjálfstæð skylda HMS. Það leiðir af rannsóknarreglunni og 24. gr. laga nr. 111/2021 að HMS ber að tryggja með sjálfstæðum hætti að álit stofnunarinnar sé rökstutt og byggji á réttum og fullnægjandi upplýsingum, þ.m.t. hinu uppfærða og verulega lækkaða árekstrarmati. HMS getur ekki byggt álit sitt óbreytt á umsögn Náttúrufræðistofnunar að því marki sem hún lítur fram hjá uppfærðu árekstrarmati án málefnalegs rökstuðnings.

b) HMS hefur lagt niðurstöður áflugsmats til grundvallar í sambærilegu máli — jafnræðis ber að gæta. Í álit HMS um umhverfismat vindorkuvers á Garpsdalsfjalli, Reykholahreppi, dags. 28. apríl 2026 (mál nr. 202403058), lagði stofnunin niðurstöður áflugsmats til grundvallar mati sínu á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla. Stofnunin gerði ekki alvarlegar athugasemdir við þá aðferðafræði sem beitt var við áflugsmatið.

Þar sem óvissa var um árangur mótvægisáðgerða — meðal annars gagnvart haferni, sem er á valista og sérstaklega viðkvæm tegund — leysti stofnunin þá óvissu með skilyrðum um mótvægisáðgerðir, vöktun og viðbragðsáætlun í leyfum – en ekki með því að líta fram hjá niðurstöðum áflugsmatsins.

c) Mat á ólíkum verkefnum þarf að byggja á samskonar rannsóknum. Geta til að bera saman vænt umhverfisáhrif mismunandi verkefna hefur verið talinn mikilvægur þáttur umhverfismats framkvæmda. Til þess að slíkur samanburður verði marktækur verða rannsóknir að byggja á samskonar aðferðum. Til að gera samanburð mögulegan lét StormOrka reikna út áflugshættu með sömu aðferðum og beitt var í Garpsdal.

5. Óskir StormOrku

Með vísan til framangreinds leggur StormOrka fram eftirfarandi áskoranir:

1. Að HMS gæti sjálfstæðis við gerð álitsins. Í samræmi við 10. gr. Stjórnsýslulaga og 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlun, þannig að ekki verði byggt á umsögn Náttúrufræðistofnunar að því leyti sem hún lítur fram hjá uppfærðu árekstrarmati án málefnalegs rökstuðnings.
2. Að HMS gæti samræmis við fyrri afgreiðslu sína, sbr. álit stofnunarinnar um Garpsdalsverkefnið, í samræmi við 11. gr. stjórnsýslulaga.
3. Að HMS rökstyðji hvaða niðurstaða árekstrarmats er lögð til grundvallar í mati á árekstrarhættu, í samræmi við 24. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana og 10. gr. stjórnsýslulaga. StormOrka telur að ef HMS hyggst víkja frá niðurstöðum sem byggja á aðferðafræði sem áður hefur verið lögð til grundvallar í sambærilegum verkefnum beri stofnuninni að rökstyðja sérstaklega þær ástæður.

Niðurlag

Endurskoðun árekstrarmatsins, sem fram fór að tilhlutan HMS, hefur þegar tekið marga mánuði. StormOrka telur málið nægjanlega upplýst og fer ekki fram á að því verði vísað á ný til Náttúrufræðistofnunar. Niðurstöður endurmatsins eru hins vegar lögmætur hluti þeirra gagna sem HMS ber að byggja álit sitt á, og félagið leggur áherslu á að þær fái sjálfstætt vægi við úrlausn málsins.

StormOrka byggir ekki á því að HMS beri að leggja eina tiltekna niðurstöðu árekstrarmats til grundvallar, heldur að stofnunin taki afstöðu til þeirra niðurstaðna sem fyrir liggja og rökstyðji með málefnalegum hætti hvaða vægi þær fá við úrlausn málsins.

Áskilinn er réttur StormOrku til að halda frekari sjónarmiðum á lofti og til frekari réttargæslu á síðari stigum málsins, eftir því sem tilefni gefst til.

Virðingarfyllst,

f.h. StormOrku ehf.



Dr. Sigurður E. Jóhannesson

Storm orka | Hróðnýjarstaðir | 371 Dalabyggð | Iceland

Tel.: +354 888 0210 | sigurdurj@stormorka.is | www.stormorka.is

HMS

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 18.06.2026

Efni: Viðbótarathugasemd vegna umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands

StormOrka vísar til fyrri athugasemda sinna vegna umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og vill koma á framfæri eftirfarandi viðbótarsjónarmiðum. Framkvæmdaaðili vísar jafnframt til ítarlegra svara sinna við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 14. nóvember 2025, þar sem öllum efnislegum athugasemdum stofnunarinnar var svarað.

Í kjölfar uppfærðs áflugsmats, sem leiddi til verulegrar lækkunar á áætlaðri árekstrarhættu, hefur Náttúrufræðistofnun Íslands upplýst að fyrri umsögn stofnunarinnar standi óbreytt.

Vakin er athygli á að umhverfismat Storm I vindorkuversins byggir á umfangsmiklum staðbundnum rannsóknum sem staðið hafa yfir um árabíl. Niðurstaða þeirra sérfræðinga sem unnið hafa að matinu er að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa áhrif á stofnstærðir fugla, hvorki vegna búsvæðataps, árekstra né annarra þátta.

Þrátt fyrir þetta verður upprunaleg umsögn Náttúrufræðistofnunar vart skilin öðruvísi en svo að stofnunin telji að ekki eigi að ráðast í framkvæmdina, ekki síst vegna áhrifa á fugla og búsvæði þeirra. Ekki verður þó séð að lagðar séu fram nýjar rannsóknir, ný gögn eða önnur fagleg greining sem hnekkir eða gefur tilefni til að endurskoða niðurstöður þeirra sérfræðinga sem unnið hafa að verkefninu. Þvert á móti kemur fram í umsögn stofnunarinnar að umhverfismatsskýrslan byggir að mestu á greinargóðum gögnum.

Þá geta óvissu- og varúðarsjónarmið vart, ein og sér, borið uppi svo afdrifaríka afstöðu til framkvæmdar sem sætt hefur margra ára rannsóknarvinnu.

StormOrka telur mikilvægt að HMS taki sérstaklega afstöðu til þess hvaða vægi beri að gefa umsögn sem hafnar niðurstöðum umfangsmikilla rannsókna án þess að sýnt sé fram á að rannsóknirnar eða niðurstöður þeirra séu haldnar annmörkum.

Virðingarfyllst, f.h. StormOrku ehf.



Dr. Sigurður E. Jóhannesson

Storm orka | Hróðnýjarstaðir | 371 Dalabyggð | Iceland

Tel.: +354 888 0210 | sigurdurj@stormorka.is | www.stormorka.is